

**Nd.** **130. Frumvarp til laga** [107. mál]

um breyting á lögum nr. 5 28. febrúar 1975, um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

**1. gr.**

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 4. málsgrein svohljóðandi:  
Á árinu 1976 er Viðlagasjóði heimilt að verja allt að 200 milljónum króna af eign sinni til að standa að fullu við skuldbindingar sínar vegna snjóflóða í Norðfirði 20. desember 1974.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Hinn 31. desember 1975 falla úr gildi þau ákvæði laga nr. 5/1975, er kveða á um tekjur Viðlagasjóðs. Nú er útlit fyrir að tekjur Norðfjarðardeildar samkvæmt lögum þessum, muni ekki hrökkva að fullu til að mæta skuldbindingum Viðlagasjóðs vegna snjóflóðanna í Norðfirði. Er því lagt til að Viðlagasjóði verði heimilað að veita fé til að standa við skuldbindingar Norðfjarðardeildar.

Samkvæmt lögum um Viðlagatryggingu Íslands, sem samþykkt voru í lok síðasta þings, skal Viðlagasjóður ljúka störfum um áramótin 1976/77. Stjórn sjóðsins hefur sett fram greiðsluáætlun fyrir Vestmannaeyjadeild sjóðsins (fylgiskjal I) og áætlun um tekjur og gjöld Norðfjarðardeildar (fylgiskjal II).

Um áætlanir þessar segir stjórn Viðlagasjóðs:

#### „Vestmannaeyjadeild

Deildin hefur nú lokið uppgjöri við alla tjónþola nema bæjarsjóð Vestmannaeyja, en uppgjöri bóta hans er það langt á veg komið að telja verður áætlunina nærri lagi. Samkvæmt því nema bætur til bæjarsjóðs og stofnana hans fyrir eignatjón 500 m.kr., og fyrir rekstrartjón 200 m.kr. Auk þess tekur áætlunin tillit til ýmissa aðgerða til stuðnings uppbyggingu í Vestmannaeyjum, sem stjórnin hefur ákveðið með heimild í ýmsum ákvæðum reglugerðar nr. 62/1973, en gerir ekki ráð fyrir að lengra sé gengið í þeim efnum en þegar hefur verið ákveðið. Á hinn bóginn gerir áætlunin ekki ráð fyrir útgreiðslum vegna ábyrgða, sem sjóðurinn hefur gengið í fyrir bæjarsjóð. Alls gerir áætlunin því ráð fyrir greiðslum til bæjarsjóðs Vestmannaeyja sem nema 800 m.kr., og hefur sú upphæð að verulegu leyti þegar verið greidd.

Áætlunin sýnir að deildinni hefur með núgildandi lagaákvæðum verið aflað nægilegs fjár til að standa við þessar skuldbindingar sínar. Á hinn bóginn er mikið af fé Vestmannaeyjadeildar sjóðsins fast í skuldabréfum og fasteignum og mun því greiðslustaða deildarinnar verða slæm og skuld við Seðlabankann lækka hægt. Gert er ráð fyrir að í árslok 1975 muni hún nema 1 031 m.kr. og í árslok 1976 624 m.kr. og ekki verða að fullu greidd fyrr en í ársbyrjun 1978. Enn fremur sýnir áætlunin að sjóðurinn eigi eignir í skuldabréfum, sem nema um 900 m.kr. umfram þær skuldbindingar, sem áætlunin gerir ráð fyrir, en frá því verður að draga afföll skuldabréfanna (vaxtamun). Vel getur verið að enn komi upp í Vestmannaeyjum þau vandamál, sem stjórn sjóðsins telji sér skylt að sinna og sem ekki eru tekin með í áætlunina. Er ljóst að eignastaða sjóðsins gefur nokkurt svigrúm til þess, en greiðslustaða yrði þá að sama skapi lakari.“

Ennfremur segir í skýrslu stjórnar Viðlagasjóðs:

„Stjórn sjóðsins telur þó ríkar ástæður til að taka fram, að fyrirsjáanlegt er að án frekari aðstoðar mun bæjarsjóður Vestmannaeyja verða í miklum fjárhagserfiðleikum um árabíl. Stafar þetta af því að bæjarfélagið hefur reist sér hurðarás um öxl með miklum og dýrum framkvæmdum, sem auk þess verða unnar á mun herra verðlagi en því, sem bótamat sjóðsins var miðað við.

Stjórn sjóðsins telur að ekki megi loka augunum fyrir þessum vanda og vill því henda á hvort ekki sé rétt að fram fari úttekt á fjárhagsstöðu bæjarsjóðs og horfum næstu árin. Stjórnin telur ekki rétt að slík úttekt fari fram á vegum Viðlagasjóðs einkum vegna þess, að vandamálið mun tæpast skýrast til fulls fyrr en um það leyti, sem sjóðurinn verður lagður niður. Virðist því eðlilegra að slík úttekt fari fram á vegum félagsmálaráðuneytisins eða annarrar opinberrar stofnunar.

#### Norðfjarðardeild

Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarútgjöld Norðfjarðardeildar muni nema 650 m.kr., þar af 590 m.kr. tjónabætur og aðrar greiðslur, sem runnið geta til uppbyggingarstarfsins í Norðfirði.

Tekjur samkvæmt núgildandi tekjustofnum virðast munu nema 550 m.kr. Samkvæmt því skortir deildina um 100 m.kr. til að standa við skuldbindingar sínar.

Bætur til tjónþola taka að sjálfsögðu mið af því tjóni, sem varð, en ekki af þeim kostnaði, sem tjónþolar kjósa að ráðast í við endurbyggingu, enda eru þeir frjálssir að því hvernig þeir verja bótafénu. En að undanförmu hafa orðið talsverðar umræður um það, hvort bótaféð ásamt annarri fjármögnun, sem vitað er um, muni nægja til að greiða þá endurbyggingu, sem nú á sér stað í Norðfirði, og þykir ástæða til að gera hér nokkra grein fyrir því.

Fyrir liggur áætlun um kostnað við endurbyggingu frá framkvæmdastjóra uppbyggingarnefndarinnar í Neskaupstað, dags. 1. október s. l., og er niðurstaða hennar 982 m.kr. Samskonar áætlun gerð af trúnaðarmönnum Viðlagasjóðs nemur hins vegar 775 m.kr. Þessi mikli munur skýrist ekki af mismunandi mati á kostnaði við hina

ýmsu verkþætti, þar ber mjög lítið á milli, heldur af því að í hærri áætluninni eru ýmsir liðir, sem þar eiga ekki heima, svo sem tekjubætur, lántökur o. fl., sem ekki er framkvæmdakostnaður, auk þess sem trúnaðarmennirnir taka ekki inn í sína áætlun nokkra liði, sem lúta að fullnaðarfrágangi, sem ekki verður framkvæmdur fyrr en síðar, og sem ekki hefur áhrif á starfshæfni þeirra mannvirkja, sem um er að ræða.

Til þess að mæta þessum kostnaði eru bætur og aðrar greiðslur úr Viðlagasjóði 590 m.kr., lán til Síldarvinnslunnar úr Fiskveiðasjóði 200 m.kr. og lán til annarra tjónþola, sem talið er að munu fást, 28 m.kr., eða samtals 818 m.kr.

Það er því mat sjóðsstjórnarinnar að fáist það viðbótarfé, sem farið er fram á hér að framan, þannig að sjóðurinn geti innt af hendi þær greiðslur, sem honum er ætlað, muni vart mikið skorta á að nægilegt fé verði til endurbyggingarinnar.“

Í bréfi forseta bæjarstjórnar og bæjarstjórans í Vestmannaeyjum til stjórnar Viðlagasjóðs 13. nóvember 1975 segir m. a.:

„Skv. fjárhagsramma kaupstaðarins fyrir næstu 4 ár nemur fjárvöntun bæjar-  
sjóðs 900 m.kr. auk ca. 200 m.kr. hjá rafveitu þá er einungis miðað við greiðslur lána og verksamninga, sem í gangi eru, auk nauðsynlegra framkvæmda vegna endurreisnar byggðar í Vestmannaeyjum. Ætla má, að fái kaupstaðurinn fé í þessu skyni á næstu fjórum árum þá muni hann standa á eigin fótum frá og með árinu 1980. Þó verður staða rafveitu eftir sem áður erfið en svo er um flestar rafveitur á landinu. Ekki er ólíklegt að unnt sé að skera niður framkvæmdir að nokkru svo að fjárvöntun verði u. þ. b. 1 000 m.kr. ...

Bæjarstjórn er reiðubúin til allrar samvinnu, hvort heldur væri frekari úttekt á stöðunni á vegum Hagfræðideildar Seðlabankans eða aðrar óskir stjórnvalda í þessum efnun.

Þess gerist vart þörf hér að benda á þýðingu Vestmannaeyja sem stærstu fisk-  
útflutningsmiðstöðvar á landinu og hið mikla uppbyggingarstarf einstaklinga, fyrir-  
tækja og bæjarfélags til endurreisnar heilbrigðs atvinnulífs á staðnum.

Bæjarstjórnin gerir sér fulla grein fyrir því mikla og fórnfúsa framlagi sem þjóðin öll hefir lagt af mörkum við uppbyggingarstarfið og vill nota þetta tækifæri sem og önnur tækifæri til þess að auðsýna þakklæti fyrir þátttöku í endurreisnar-  
starfinu.“

Á sínum tíma skipaði forsætisráðherra nefnd þriggja þingmanna, þá Lúðvík Jósepsson, Tómas Árnason og Sverri Hermannsson, til að hafa milligöngu milli Viðlagasjóðs og heimaðila í Neskaupstað. Þingmannanefndin sendi forsætisráðherra bréf 20. nóvember 1975 þar sem segir m. a.:

„Það er skoðun okkar, eftir að hafa rætt málið við fulltrúa Viðlagasjóðs og þá heimaðila í Neskaupstað sem málið varðar mest, að tryggja þurfi Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs að minnsta kosti 250 milljónir króna á næsta ári og miðum við þá við að tekjur deildarinnar af gildandi tekjustofni til áramóta, verði 570 milljónir króna.

Við teljum tillögu Viðlagasjóðs um viðbótartekjur 100 milljón krónur ófull-  
nægjandi og bendum á að þær bótakröfur, sem fram eru komnar og ekki hefir verið  
synjað, enda ekki enn fjallað um þær samkvæmt reglugerð sjóðsins, samsvara þeirri  
tekjubörf, sem við gerum tillögur um.“

Miðað við þau gögn, sem að framan hefur verið getið, er eftirfarandi ljóst:

1. Vestmannaeyjadeild. Lög Viðlagasjóðs heimila sjóðnum ekki að leysa fjár-  
hagsvanda bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Hins vegar eru aðilar sammála um, að út-  
tekt verði gerð á stöðu bæjarsjóðs. Hefur verið ákveðið, að félagsmálaráðuneyti,  
Seðlabanki Íslands og bæjarstjórn Vestmannaeyja skipi hver sinn fulltrúa til að gera  
úttekt á fjárhagsvanda bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Með hliðsjón af þessari úttekt  
verður tekin ákvörðun um lausn á fjárhagsvanda bæjarsjóðs. Þá hlýtur m. a. að  
koma til athugunar hvernig unnt er að nýta eignir Viðlagasjóðs í því skyni.

2. Norðfjarðardeild. Enn eru ekki öll kurl komin til grafar við uppgjör tjóns-  
ins í Norðfirði. Með frumvarpi þessu er heimilað að flytja allt að 200 milljónum

króna úr Vestmannaeyjadeild í Norðfjarðardeild. Hve há upphæðin verður endanlega innan þessa ramma ræðst af þeim bótum, sem greiddar verða samkvæmt reglum Viðlagasjóðs til Norðfjarðar.

### Fylgiskjal I.

#### Greiðsluáætlun fyrir Viðlagasjóð — Vestmannaeyjadeild.

Millj. kr. Útgjöld:	1974	1975	1975 IV	1975 á árinu	1975	1976 á árinu	1976	Eftir- stöðvar
	Staðan 31/12/74	Staðan 30/9/75			Staðan 31/12/75		Staðan 31/12/76	
1. Húsbyggingar .....	2 092	2 106	—	14	2 106	—	2 106	—
2. Ýmsar framkvæmdir .....	1 089	1 239	41	191	1 280	40	1 320	—
3. Vélakaup .....	78	78	—	—	78	—	78	—
4. Lánveitingar .....	487	487	—	—	487	—	487	—
4.1 Yfirtekin lán .....	89	89	—	—	89	—	89	—
4.2 Lán v/Útvegsbanka .....	86	86	—	—	86	—	86	—
4.3 Skuldabréf/lán .....	277	277	—	—	277	—	277	—
4.4 Vegna endurbóta íbúðahúsa .....	35	35	—	—	35	—	35	—
5. Skaðabætur .....	2 264	2 947	75	758	3 022	40	3 062	—
5.1 Bætur vegna rekstrartjóns .....	—	196	6	202	202	—	202	—
6. Tollgreiðslur .....	100	200	286	386	486	75	561	—
7. Vaxtagjöld, nettó .....	214	202	200	188	402	140	542	—
8. Ýmislegt og ófyrirséð .....	10	—12	12	—10	0	15	15	—
9. Landsdeild .....	—	13	7	20	20	—	20	—
Samtals	6 334	7 260	621	1 547	7 881	310	8 191	—

Millj. kr. Tekjur:	1974	1975	1975 IV	1975 á árinu	1975	1976 á árinu	1976	Eftir- stöðvar
	Staðan 31/12/74	staðan 30/9/75			Staðan 31/12/75		Staðan 31/12/76	
1. Frá sveitarfélögum .....	588	623	5	40	628	—	628	—
2. Frá ríki og atvinnul.tr.sj. ....	2 201	2 824	551	1 174	3 375	220	3 595	—
3. Gjafafé Norðurlanda .....	1 456	1 456	—	—	1 456	—	1 456	—
4. Annað gjafafé .....	208	211	—	3	211	—	211	—
5. Afborganir lána og vaxtatekjur ..	67	67	125	125	192	158	350	348
5.1 Endurgreidd yfirtekin lán .....	65	59	30	24	89	—	89	—
5.2 V/Útvegsbanka .....	—	—	22	22	22	38	60	38
5.3 Skuldabréf/lán .....	2	8	73	79	81	120	201	310
6. Sala véla .....	17	40	—	23	40	—	40	—
7. Sala innfl. húsa og leigutekjur ....	250	730	218	698	948	319	1 267	1 200
8. Sala íbúða í Breiðholti .....	—	—	—	—	—	—	—	61
9. Landsdeild .....	—	—	—	—	—	20	20	—
Samtals	4 787	5 951	899	2 063	6 850	717	7 567	1 609
Afgangur/halli (—) .....	—	—	+278	+516	—	+407	—	—
Staða v/Seðlabankann .....	—1 547	—1 309	—1 031	—1 031	—1 031	—624	—624	—

## Fylgiskjal II.

### Áætlun um tekjur og gjöld Viðlagasjóðs — Norðfjarðardeildar <sup>1)</sup>

Millj. kr. Tekjur:	Staðan 3/10/75	Staðan 31/12/75	Staðan 31/3/76	Staðan 30/6/76 án viðbótar tekjustofn
1. Viðlagagjald á söluskattsstofn (32% af tveimur stigum í 10 mánuði) <sup>2)</sup> ..	275	440	550	550
Útgjöld:				
1. Skaðabætur .....	363	430	470	485
1.1 Síldarvinnslan h.f. ....	323	323	352	352
1.2 Steypusalan .....	22	31	31	31
1.3 Bifreiðþjónustan .....	11	16	16	16
1.4 Ýmsar bætur .....	7	60	71	86
2. Björgun og hreinsun .....	57	60	60	65
3. Tekjubætur .....	0	0	20	20
4. Rekstur, mat, áhöld o. fl. ....	32	40	40	40
5. Ýmislegt .....	0	20	20	20
6. Vaxtakostnaður .....	—	20	20	20
	452	570	630	650
Afgangur/halli (—) .....	—177	—130	—80	—
Staðan við Seðlabankann .....	—177	—130	—80	—100

1) Útgjaldaáætlunin er gerð skv. bráðabirgðatölum, sem nú liggja fyrir, um tjónið af völdum snjóflóða.

2) Í upphafi var reiknað með 50 m.kr. tekjum á mánuði af viðlagagjaldi, en í þessari áætlun er reiknað með 55 m.kr. á mánuði.